


Alþingi  
Erindi nr. P 139/1738  
komudagur 16. 3. 2011

Skrifstofa Alþingis  
Allsherjarnefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík



## Persónuvernd

Rauðarárstíg 10 105 Reykjavík  
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606  
netfang: postur@personuvernd.is  
veffang: personuvernd.is

Reykjavík, 16. mars 2011  
Tilvísun: 2011020199AΥ/--

### **Efni: Tillaga til þingsályktunar um skipun starfshóps um ofbeldi maka gegn konum frá löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins.**

Persónuvernd vísar til tölvubréfs allsherjarnefndar Alþingis, dags. 10. febrúar sl., þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um tillögu til þingsályktunar um skipun starfshóps um ofbeldi maka gegn konum frá löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins (211. mál á 139. löggjafarþingi, þskj. 233).

Um er að ræða ályktun um að settur verði á fót starfshópur sem skila beri fullmótuðum tillögum um úrbætur og hugsanlegar laga- eða reglugerðarbreytingar til Innanríkisráðherra til að bæta réttarstöðu þeirra kvenna sem koma frá löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins og eru háðar ofbeldisfullum mökum um landvist á Íslandi.

Persónuvernd gerir ekki athugasemdir við framkomna tillögu.

Virðingarfyllt

Alma Tryggvadóttir  
lögfræðingur